



Umhverfissvið Kópavogsbæjar
Digranesi 1
200 Kópavogur


Reykjavík 9. maí 2025

Efni: Umsögn Veitna vegna vinnslutillögu fyrir Ásbraut í Kópavogi.
Mál 930/2025

Veitur hafa fengið til umsagnar tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Ásbraut í Kópavogi. Markmið skipulagsvinnunnar er að endurhanna göturými Ásbrautar með það að markmiði að bæta stígakerfi og tryggja örugga og greiða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, í samræmi við aðalskipulag Kópavogsbæjar. Með breytingunni er núverandi byggðarmynstur staðfest og lagðar skipulagslegar forsendur fyrir vistvæna og örugga götumynd.

Veitur eru með hitaveitulagnir og rafmagnsstrengi á svæðinu sem þarf að taka tillit til á framkvæmdatíma en þar sem tillagan gerir eingöngu ráð fyrir lagningu nýrra stíga kemur breytingin til með að hafa takmörkuð áhrif á núverandi kerfi.

Veitur óska eftir að þar sem verið er að hækka yfirborð stíga verði tryggt að allir yfirborðslokar skili sér upp fyrir nýtt yfirborð og að það verði skoðað hvort það þurfi að lengja hlífðarrör til að verja lagnir fyrir raski. Á svæðinu er gamall hitaveitubrunnur sem Veitur vilja afleggja samhliða framkvæmdum. Jafnframt vilja Veitur skoða hvort tækifæri sé til að leggja bakrás í tengslum við framkvæmdina.



Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja bílskúra milli húsa nr. 9 og 3. Veitur vekja athygli á að í gegnum svæði liggur heimlögn fyrir Ásbraut 7 og 9. Samkvæmt skilmálum um heimlagnir er óheimilt að byggja yfir heimlagnir og hindra þannig aðgengi að þeim





vegna bilana eða endurnýjunar. Slíkar framkvæmdir má einungis gera í samráði við Veitur og með viðeigandi ráðstöfunum. Ef breytingar á deiliskipulagi húss eða lóðar leiða til breyttrar legu heimplagna, ber lóðarhafi allan kostnað sem hlýst af færslu eða breytingu heimplagna.

Veitur leggja áherslu á gott samráð og óska eftir upplýsingum um áform og tímasetningar svo hægt sé að bregðast við með viðeigandi hætti.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026